



Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1839
komudagur 20.4.2012

Dalvík 20.apríl 2012

Efni: Umsögn bæjarráðs Dalvíkurbyggðar um frumvarp til breytingar á stjórn fiskveiða, mál nr. 657 og umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, mál nr. 658.

Almennt um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu

Bæjarráð Dalvíkurbyggðar hvetur til þess að vinna við nýja löggjöf um stjórn fiskveiða verði lokið sem fyrst. Það óöryggi sem fylgir því á sjávarútvegsstöðunum að hafa umgjörð þessa undirstöðuatvinnuvegar í óvissu, hefur áhrif á atvinnuuppbyggingu og byggðaþróun. Ekki er á bætandi þá óvissu sem starfsfólk í sjávarútvegi býr alla jafna við þó ekki bætist við óvissa um framtíðina vegna mögulega breytinga á lögum eða sífelld átök um það hvernig fyrirkomulag henti til að ná hvoru tveggja fram, meira atvinnuöryggi þess fólks sem starfar í greininni og hagkvæmni sjávarútvegsins.

Dalvíkurbyggð er hlutfallslega stór fiskvinnslustaður í bolfiski og allar sveiflur í bolfiskafla hafa því áhrif á atvinnustig í sveitarfélaginu. Þannig var það stórmál fyrir Dalvíkurbyggð þegar þorskkvótinn var skorinn niður árið 2007 og sömuleiðis kemur það við þegar verið er að skerða veiðiheimildir og færa til með handaflí. Fjöldi beinna starfa í sjávarútvegi skiptir hundruðum. Ekki þarf að fjölyrða um tengsl atvinnustigs í sveitarfélaginu og útsvarstekna og þar með afkomu.

Þó bæjarráð Dalvíkurbyggðar leggi áherslu á að málinu verði lokið að þessu sinni leggur bæjarráðið einnig áherslu á vandaða yfirferð Alþingis og að sem víðtækust sátt náist um þá niðurstöðu sem verður lögfest.

Áhrif á Dalvíkurbyggð

Bæjarráð Dalvíkurbyggðar telur að ítarlegri útreikningar og upplýsingar um áhrif af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvörpum um stjórn fiskveiða og um veiðigjöld hefðu þurft að fylgja frumvörpunum. Til að nálgast möguleg áhrif af boðuðum breytingum samþykkti bæjarráð



að fá endurskoðunarfyrrtækið KPMG til að meta áhrif frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða og um veiðigjöld á Dalvíkurbyggð. Megin niðurstöður úr þeirri vinnu eru kynntar hér að neðan. Skýrslan í heild sinni er fylgisskjal með þessari umsögn.

Athuganir KPMG sýna að þær breytingar sem samþykkt frumvarpanna mun að óbreyttu hafa á atvinnustig og afkomu í Dalvíkurbyggð eru verulegar og neikvæðar.

Helstu niðurstöður í álitum KPMG um bein áhrif af frv. um stjórn fiskveiða, verði það óbreytt að lögum, eru eftirfarandi.

- Aflaheimildir dragast saman um 128 þorskígildistonn. Ef einnig er horft til breytinga vegna laga nr. 70/2011 dragast aflaheimildir saman um rúmlega 362 þorskígildistonn. Það mun kosta útgerðir í Dalvíkurbyggð frá 38 m.kr. upp í 109 m.kr. að leigja til sín heimildir af kvótaþingi, eftir því hvort viðmiðunarárið er valið, til að verða jafnsettar með kvóta og áður.
- Hlutur sveitarfélagsins af leigukvóta í gegnum kvótaþing getur orðið á bilinu 7 – 40 m kr. eftir því hvaða viðmið verða notuð.

Hér er ekki tekið tillit til áforma um minnkun byggðakvóta um helming, en á fiskveiðiárinu 2011/2012 komu yfir 200 þorskígildistonn í hlut báta í Dalvíkurbyggð. Ekki eru heldur metin áhrif þess á fiskvinnslu á Dalvík, og þar með atvinnustig, að niðurskurði í „öðrum“ tegundum skuli skilað í bolfiski.

Helstu niðurstöður í álitum KPMG um bein áhrif af frv. um veiðigjöld, verði það óbreytt að lögum, verða að:

- Grunnveiðigjald mun nema um 95.527 m.kr.
- Veiðigjald + sérstakt veiðigjald v. botnfisks hefði árið 2010 numið 692.568 m.kr.
- Veiðigjald af markríl 2011 hefði numið 23.784 m.kr.

Umsögn um einstök ákvæði máls nr. 657 – frumvarps til laga um stjórn fiskveiða

Meginniðurstaða „sáttanefndarinnar“ var að gerðir yrðu tímabundnir samningar um nýtingu sjávarauðlindarinnar og fyrir þann nýtingarrétt kæmi greiðsla. Með slíku fyrirkomulagi væri umgjörð sjávarauðlindarinnar sambærileg því sem gerist með aðrar auðlindir í þjóðraeign eða þjóðarforsjá þar sem gerðir eru tímabundnir samningar um nýtingu. Með slíku fyrirkomulagi mætti vinna tvennt, auka á öryggi þeirra sem starfa í greininni þar sem þeir sæju með þessu fyrirkomulagi lengra fram í tímann en gerist við núverandi aðstæður og byggju við meira öryggi varðandi sitt starfsumhverfi, og svo hitt að með slíkum samningi og greiðslu fyrir hann væri



eignarhald þjóðarinnar staðfest og þjóðin fengi sanngjarna hlutdeild í þeim auðlindaarði sem skapast getur í sjávarútvegi. Bæjarráð gerir ekki athugasemd við þann hluta frumvarpsins sem tekur mið af þessu grundvallaratriði en áskilur sér rétt til að hafa skoðun á því hver útfærsla þess er í frv. til laga um veiðigjöld.

Það var einnig hluti af niðurstöðu „sáttanefndar“ að skipta ætti aflahlutdeildum í tvennt, annars vegar til nýtingarsamninga og hins vegar í svokallaða potta, enda hefð fyrir því að hluti aflaheimilda sé notaður til byggðaaðgerða og annarra viðbragða. Nefndinn setti hinsvegar ekki fram tillögur um stærð hvors kerfis fyrir sig, samninga og potta. Það skiptir hinsvegar miklu máli fyrir stöðugleika og þróun greinarinnar að hóflega sé gengið í það að færa veiðiheimildir milli flokka og að það sé virt sem fram kom þegar þorskníðurskurðurinn átti sér stað 2007, að fyrirtæki, og þá viðkomandi sveitarfélög einnig, myndu í fyllingu tímans fá að njóta uppskeru erfðis síns. Þá er mikilvægt að það fyrirkomulag og sú skipting sem ákveðin verður haldi og traust skapist um framkvæmdina.

Bæjarráð hvetur Alþingi til að móta löggjöfina þannig að hún auki á þá festu og öryggi sem íbúar sjávarbyggðanna þarfnast. Leigupottur sem leigir út heimildir til árs í senn er ekki til þess fallinn.

Ekki er nægjanlega ljóst hvað við tekur að 20 ára nýtingartíma liðnum. Ganga þyrfti betur frá umgjörð samninganna og hvaða atriði þar eiga að koma fram. „Sáttanefnd“ kallaði eftir minnisblaði frá Lúðvík Bergvinssyni hdl. og Karli Axelssyni hrl. sem þá höfðu nýverið skilað skýrslu til forsætisráðherra um *Fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins* (2010). Þar má finna ágæta útlistun á þeirri hugmyndafræði sem lá að baki niðurstöðu „sáttanefndar“ og leiðsögn um hvernig mátti útfæra hana.

Ákvæði til bráðabirgða II. um skerðingu aflaheimilda

Bæjarráðið gerir verulegar athugasemdir við það að leggja þurfi inn botnfiskheimildir á kvótaþing vegna fyrirhugaðrar skerðingar í öðrum tegundum. Fiskvinnsla í Dalvíkurbyggð er eingöngu bolfiskvinnsla. Bæjarráð telur verulega hættu á að það fyrirkomulag, að skerðing í öðrum tegundum verði skilað í botnfiski, verði til þess að skerða enn þann bolfisk sem ella kæmi til vinnslu á Dalvík og bættist þá við aðrar skerðingar sem orðið hafa í bolfiski á undanförunum árum. Ef til slíkra skerðinga kemur telur bæjarráð að leggja eigi sömu tegundir inn á kvótaþing og skertar eru.

Umsögn um mál nr. 658 – frumvarp til laga um veiðigjöld

Hið sérstaka veiðigjald virðist mjög hátt en það felur í sér að minnsta kosti sexföldun á núverandi gjaldi. Bæjarráð hefur áhyggjur af örlögum útgerðarfyrirtækja sem keyptu viðbótarveiðiheimildir



eftir þorskniðurskurðinn 2007 og skuldsettu sig þess vegna. Það er ljóst að fyrirtæki munu þurfa að hagræða og endurskipuleggja í kjölfar svo mikillar hækkunar veiðigjalds, ef þau lifa hana af, því hið sérstaka veiðigjald sem ætlað er að skila auðlindarentunni til þjóðarinnar tekur mið af heildararðsemi í greininni, veiðum og vinnslu, en ekki stöðu eða arðsemi einstakra fyrirtækja. Þau borga sitt krónugjald m.v. heildarafkomu greinarinnar, ekki síns fyrirtækis. Á það hefur verið bent að þetta fyrir komulag kunni að kippa stoðunum undan fiskvinnslu án útgerðar þar sem útgerðir án fiskvinnslu muni í vaxandi mæli telja sig þurfa að hafa eigin vinnslu til að ná sem mestri arðsemi út úr rekstri sínum. Þar með er fiskvinnsla án útgerðar í mikilli hættu því minna verður á fiskmörkuðum. Á Dalvík eru tvö rótgróin fjölskyldufyrirtæki með samtals um 70 manns í fiskvinnslu, án útgerðar.

Daði Már Kristófersson og Þóroddur Bjarnason sem settu saman álit fyrir ríkisstjórnina um áhrif frumvarpanna búast við „umhleypingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum“ og segja að áformuð lagasetning muni verða „mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja“. Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa „kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.“ Það er mat bæjarráðs að landsbyggðin hafi fengið nægar „umhleypingar“ á undanförunum árum og að ekki sé á þær bætandi. Þá er það galli að það frv. sem boðað er um breytingar á skattalöggjöf skuli ekki liggja fyrir jafnhliða frv. um veiðigjöld.

Samkvæmt úttekt KPMG mun veiðigjald skipa og báta frá Dalvíkurbyggð verða tæplega 700 m.kr. Þá má ætla að þeir fjármunir sem koma úr 40% af andvirði þess sem leigt er upp úr leigupotti og eiga skv. frv. að ganga til sveitarfélaga verði á bilinu 7 – 40 m kr. m.v. skiptingu eftir íbúafjölda. Það er skoðun bæjarráðs Dalvíkurbyggðar að leigugjald úr potti eigi að ganga beint til sveitarfélaga til að mæta þeirri mögulegu útsvarslækkun sem þau verða fyrir og þá í samræmi við mikilvægi sjávarútvegs á hverjum stað. Þá eigi að nýta hið sérstaka veiðigjald til uppbyggingar innviða í landinu. Þannig yrði arðurinn sýnilegur og nýttist öllum landsmönnum.

Bæjarráð ítrekar þá afstöðu að hafa þurfi gott samráð um breytingar á kerfinu sem geti skilað almennri sátt í málinu og að sem fyrst verði eytt óþarfa óvissu og óöryggi þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Bæði þær fjölskyldur sem lifa af sjávarútvegi og þau sveitarfélög sem byggja afkomu sína á nýtingu þessarar mikilvægu auðlindar þurfa á traustara starfsumhverfi að halda.

Fyrir hönd bæjarráðs Dalvíkurbyggðar

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri

Meðfylgjandi er úttekt KPMG á áhrifum frv. mál 657 og 658



cutting through complexity™

Áhrif af framkomnum tillögum um lagaumhverfi í sjávarútvegi á Dalvíkurbyggð

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
Þingskjal 1052 - 657

Frumvarp til laga um veiðigjald
Þingskjal 1053 – 658

18. apríl 2012



- Í skýrslu þessari eru dregnar saman athuganir KPMG um áhrif breytinga á lögum um fiskveiðistjórnun sem lögð voru fram á alþingi í mars 2012, á Dalvíkurbyggð. Er um að ræða tvö þingmál; Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (657. mál) og Frumvarp til laga um veiðigjöld (658. mál).
- Við höfum við stuðst við upplýsingar og gögn sem við höfum aðgang að, auk ýmissa opinberra gagna. KPMG ber ekki ábyrgð á réttmæti allra þessara upplýsinga þar sem við höfum ekki staðfest áreiðanleika þeirra með neinum hætti.
- Við tökum fram að við höfum ekki sannreynt hvort þau gögn sem við höfum fengið séu tæmandi um hvert og eitt atriði. Við höfum gengið út frá því að þau ljósrit sem við höfum fengið afhent, og eftir atvikum útprentanir, séu rétt og gefi rétta mynd af frumriti. Við höfum ekki leitað upplýsinga frá utanaðkomandi aðilum, né kannað áreiðanleika fenginna gagna og upplýsinga hjá slíkum aðilum, nema þess sé sérstaklega getið.
- Ekki verður framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra ytri gagna sem stuðst verður við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. Athygli lesenda skýrslunnar verður vakin á að slík könnun eða villa í heimildum gætti leitt til annarrar niðurstöðu um verkefnið. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þannig er aflað né að þær séu tæmandi.
- Gert er ráð fyrir að skýrsla KPMG verði birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar kunna að vera á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er hjá þeim aðilum er að málinu kunna að koma.
- KPMG fær greitt fyrir verkefnið í samræmi við unnar vinnustundir.

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Benedikt K. Magnússon

Fyrirtækjasvið

Partner

KPMG Ísland

bmagnusson@kpmg.is

Flosi Eiríksson

Fyrirtækjasvið

Verkefnastjóri

KPMG Ísland

feiriksson@kpmg.is

Sigurjón Örn Arnarson

Endurskoðunarsvið

Verkefnastjóri

KPMG Ísland

sarnarson@kpmg.is

Tel +354 545 6000

Fax +354 545 6003


Um verkefnið

Um breytingar á stjórn fiskveiða

- Miklar umræður hafa farið fram á undanförunum misserum um skipan fiskveiðistjórnunar við Ísland. Að hálfu fyrirverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra voru lögð fram tvö frumvörp á þingi í maí 2011 (mál nr. 826 og 827) og var annað þeirra, oft kallað í almennri umræðu „minna frumvarpið“ afgreitt sem lög frá Alþingi 19. júní 2011. Hitt frumvarpið kom ekki til efnislegrar meðferðar á þingi.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram þann 26. mars 2012 „Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða“ (þingskjal 1052 – 657. mál) Sem hluta af umfangsmiklum breytingartillögum um umhverfi sjávarútvegs á Íslandi lagði ráðherra einnig fram „Frumvarp til laga um veiðigjöld“ (þingskjal 1053 – 658. mál).
- Frumvörpin eru nú bæði til meðferðar á Alþingi.
- Í þessari skýrslu er leitast við að draga fram hvaða áhrif Frumvarp um stjórn fiskveiða (657. máli) hefur á aflaheimildir í Dalvíkurbyggð. Jafnframt eru áhrif Frumvarps um veiðigjöld skoðuð.

Meginbreytingar á Frumvarpi um stjórnun fiskveiða

- Meginbreytingin sem felst í frumvarpinu er að aflahlutdeildum er skipt í tvo flokka. Annars vegar flokk I, „Nýtingarleyfi“ og hins vegar flokk II „Önnur aflahlutdeild“. Undir nýtingarleyfi falla núverandi handhafar aflaheimilda en í annarri aflahlutdeild eru aðrar heimildir s.s. heimildir sem ráðstafað er á kvótapiingi, strandveiðiheimildir, bætur og byggðakvóti, línuviltun, fiskveiðar til eigin nota og frístundaveiðar.



- Hér er að ofan er þessi grundvallarbreyting sett fram með myndrænum hætti.

Meginbreytingar í frumvarpinu, framhald

- Framlag til kvótapiðs samanstendur að stórum hluta af fiskveiðiheimilum sem eru innkallaðar hjá núverandi handhöfum aflaheimilda. Auk þess er gert ráð fyrir að ef aukning í heildarveiðiheimildum þorsks verður að þá renni fyrstu 4.500 tonninn óskipt til kvótapiðs en komi ekki til úthlutunar með hlutfallslegum hætti hjá þeim sem nú hafa aflaheimildir.
- Hér að neðan eru sýndar veiðiheimildir í flokki II miðað við núgildandi fiskveiðiár og óbreyttar heildarveiðiheimildir skv. VII bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Aflahlutdeild, flokkur II			
(þorskígildistonn)	Fiskveiðiárið 2011-2012 ¹	Aflahlutdeild í samræmi við frumvarp	
Strandveiðar	6.665	6.665	
Línuvílnun	5.077	4.655	
Byggðakvóti	6.204	3.100	
Rækju- og skelbætur	2.010	1.340	
Fristundaveiðar	252	335	
Ráðstöfun til kvótapiðs	-	15.500	
– aukning heimilda ²	-	4.500	
Áframeldi þorskur	420	420	
Samtals án aukn.	20.628	32.015	
Samtals með aukn.		36.515	

Ath. ¹ Makríl er ekki talinn með.

Ath. ² Áætlun aukning heimilda er í samræmi við 3. mgr. 18. greinar.

- Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um starfsemi kvótapiðs í reglugerð en þar er meðal annars heimilt að kveða á um hámarksmagn sem hver aðili getur boðið í og skiptingu milli tímabila. Einnig um fjármál, tryggingar, lágmarksverð, greiðslumiðlun og fleira.
- Eins og sjá má í ofangreindri töflu er samdráttur í ráðstöfun til línuvílnunar, byggðakvóta og rækju- og skelbóta. Þá eykst til að mynda strandveiðiúthlutun ekki þó gert sé ráð fyrir aukningu heildarheimilda.
- Á kvótapiði yrði fast að 20.000 tonnum ráðstafað (m. aukningu) til samanburðar má nefna að heildarheimildir skipa skráðra í Dalvíkurbyggð fyrir yfirstandandi fiskveiðiári í þorskígildistonnnum eru 12.069 tonn að makríl undanskyldum.
- Ekki liggur fyrir hvaða áhrif kvótapið mun hafa á verðmyndun á aflaheimildum.

Veiðheimildir í Dalvíkurbyggð

Veiðheimildir útgerða í Dalvíkurbyggð

- Í töflunni hér fyrir neðan eru dregnar saman aflaheimildir skipa skráðra í Dalvíkurbyggð. Byggt er á úthlutun fyrir kvótaárið 2011 – 2012 að óbreyttum lögum.
- Sýnd er úthlutun án áhrifa laga nr. 70/2011 og úthlutun fiskveiðiársins 2011/2012 að makríl undanskyldum.
- Þessu til viðbótar fékk Dalvíkurbyggð úthlutað 209 þorskígildistonnum í byggðakvóta.

Aflaheimildir útgerða í Dalvíkurbyggð - fyrir gildistöku laga nr. 70/2011 og heimildir 2011/2012

Tegund	Heildar afla-heimildir	Hlutfall útgerða í Dalvíkurbyggð	Hluti í tonnum	Þorskígildi	Þorskígildi 2011/2012
Þorskur	177.000	6,1%	8.459	8.459	8.261
Ýsa	45.000	1,0%	351	312	312
Ufsi	52.000	1,1%	455	287	281
Karfi	40.000	0,5%	208	148	147
Djúpkarfi	12.000	0,5%	64	54	53
Keila	7.000	0,1%	8	3	3
Langa	9.000	0,6%	41	23	22
Grálúða	13.000	6,8%	812	1.722	1.707
Skötuselur	2.500	0,1%	2	4	4
Skarkoli	6.500	0,2%	11	8	7
Steinbítur	10.500	1,4%	116	97	98
Langlúra	1.300	0,2%	2	1	1
Sandkoli	500	0,0%	0	0	0
Skráþflúra	200	0,1%	0	0	0
Þykkvalúra	1.800	2,0%	33	38	37
Síld	43.022	-	-	-	-
Loðna	591.371	-	-	-	-
Kolmurni	63.448	-	-	-	-
Norsk ísl-síld	99.365	-	-	-	-
Norsk ísl-síld 2	22.491	-	-	-	-
Þorskur Noregur	6.895	12,2%	707	707	698
Þorskur-rússland	4.310	12,2%	442	442	436
Úhafskarfi	9.926	-	-	-	-
Úthafsækja	-	-	-	-	-
Innfjarðarrækja	-	-	-	-	-
Hörpudiskur	-	-	-	-	-
Humar	2.100	-	-	-	-
Samtals		1,0%		12.303	12.069

Veiðheimildir í Dalvíkurbyggð, framhald

Breytingar

- Í töflunni hér að neðan eru dregnar fram þær breytingar sem verða á aflaheimildum skipa í Dalvíkurbyggð miðað við forsendur frumvarpsins.
- Eins og sjá má dragast heimildir saman um rúmlega 362 þorskígildistonn (3,0%) frá því fyrir gildistöku laga nr. 70/2011 og 128 þorskígildistonn (1,1%) frá yfirstandandi fiskveiðiári.

Aflaheimildir útgerða í Dalvíkurbyggð - í samræmi við ný lög									
Tegund	Heildar aflaheimildir	Frád. skv. Frumvarpi	Aflaheimildir	Hlutfall útgerða í Dalvíkurbyggð	Hluti í tonnum	Þorskígildi	Samdráttur í tonnum	Samdráttur í þorskígildum	Samdráttur í þorskígildum frá fiskveiðiári 2011/2012
Þorskur	177.000	-16.815	160.185	6,1%	8.263	8.263	-196	-196	2
Ýsa	45.000	-3.105	41.895	1,0%	355	316	4	4	4
Ufsi	52.000	-3.744	48.256	1,1%	446	281	-10	-6	-0
Karfi	40.000	-2.120	37.880	0,5%	197	140	-11	-8	-7
Djúpkarfi	12.000	-636	11.364	0,5%	60	51	-3	-3	-3
Keila	7.000	-371	6.629	0,1%	8	3	-0	-0	-0
Langa	9.000	-477	8.523	0,6%	39	21	-2	-1	-1
Grálúða	13.000	-689	12.311	6,8%	769	1.630	-43	-91	-77
Skötuselur	2.500	-133	2.368	0,1%	2	4	-0	-0	-0
Skarkoli	6.500	-345	6.156	0,2%	11	7	-1	-0	-0
Steinbitur	10.500	-1.029	9.471	1,4%	119	99	3	2	1
Langlúra	1.300	-69	1.231	0,2%	2	1	-0	-0	-0
Sandkoli	500	-27	474	0,0%	0	0	-0	-0	-0
Skráplúra	200	-11	189	0,1%	0	0	-0	-0	-0
Þykkvalúra	1.800	-95	1.705	2,0%	31	36	-2	-2	-2
Síld	43.022	-2.280	40.742	-	-	-	-	-	-
Loðna	591.371	-31.343	560.028	-	-	-	-	-	-
Kolmurni	63.448	-3.363	60.085	-	-	-	-	-	-
Norsk ísl-síld	99.365	-5.266	94.099	-	-	-	-	-	-
Norsk ísl-síld 2	22.491	-1.192	21.299	-	-	-	-	-	-
Þorskur Noregur	6.895	-365	6.530	12,2%	670	670	-37	-37	-28
Þorskur-rússland	4.310	-228	4.081	12,2%	419	419	-23	-23	-18
Úhafskarfi	9.926	-526	9.400	-	-	-	-	-	-
Úthafsærækja	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Innfjarðarrækja	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hörpudiskur	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Humar	2.100	-111	1.989	-	-	-	-	-	-
Samtals	-	-	-	-	11.392	11.941	-321	-362	-128

Um töfluna

- Í fremsta dálknum eru heildaraflaheimildir í samræmi við núverandi lög, í dálki 2 er frádrag í einstökum tegundum, í þriðja dálki aflaheimildir eins og þær munu standa. Hlutfall Dalvíkurbyggðar er síðan notað til að reikna út hluta útgerða í Dalvíkurbyggð.
- Síðustu þrjár dálkarnir sýna síðan samdráttinn, annars vegar í tonnum fyrir gildistöku laga nr. 70/2011 og hins vegar í þorskígildum.
- Þorskur Noregur og þorskur-Rússland eru úthafsveiðiheimildir sem Íslendingar hafa í lögsögu Noregs og Rússlands.+
- Í síðasta dálknum er sýndur mismunur milli úthlutunar 2011/2012 sem sýnd er í töflu á bls. 4 og væntri úthlutun í töflu 5. 2011/2012. Heimildirnar eru unnar fyrir hverja tegund fyrir sig samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu.

Áhrif á Dalvíkurbyggð

- Eins og fram kemur hér að fram er gert ráð fyrir að aflaheimildir í Dalvíkurbyggð skerðist um á bilinu 128 -362 þorskígildistonn eftir því við hvaða forsendur er miðað. Til að meta fjárhagsleg áhrif þessarar skerðingar reiknum við út kostnað viðkomandi útgerða við að leigja aftur til sín þessar heimildir á kvótapiingi.
- Miðað er við eftirfarandi forsendur:
- Útgerðaraðilar þurfa að leigja til sín 128 eða 362 tonn til að vera jafnstæðir.
- Miðað er við kaupverð á aflaheimildum í þorski skv. opinberum upplýsingum.

Kostnaður útgerða í Dalvíkurbyggð			
	Magn (tonn)	Verð (kr)	Heildarverð (m.kr.)
Fyrir gildistöku laga nr. 71/2011	362	300	108.668
Miðað við fiskveiðiár 2011/2012	128	300	38.434

- Til að halda óbreyttum heimildum þyrftu útgerðir í Dalvíkurbyggð því að greiða rúmar 38 m.kr., miðað við ofangreindar forsendur til, að halda sömu veiðiheimildum og þær höfðu á fiskveiðiárinu 2011/2012. Nauðsynlegt er að hafa í huga að erfitt er að spá um hvernig leiguverð mun þróast á kvótapiingi. Breytingar á leiguverði almennt eða í einstökum tegundum hefur mikil áhrif á þennan kostnað. Í forsendum okkar hér er miðað við að leiguverð á kg. af þorski sé það sama og þorskígilda.
- Ekki er vitað hvaða takmarkanir á framsali heimilda ráðherra mun setja vegna viðskipta á fyrirhuguðu kvótapiingi.

Kostnaður við veiðigjöld

- Í fyrirbyggjandi Frumvarpi til laga um veiðigjöld, eru veiðigjöld lögð á með tvennum hætti. Annars vegar grunnveiðigjald og hins vegar sérstakt veiðigjald sem verður tengt áætlaðri rentu.

Veiðigjöld - Forsendur	
Aflaheimildir	
Aflaheimild - Botnfiskur	11.941
Aflaheimild - Uppsjávartegundir	0
Aflaheimild alls	11.941
Fast gjald	
Fast gjald pr. kg.	8
Fast gjald - Botnfiskur	95.527
Fast gjald - Uppsjávartegundir	0
Fast gjald alls	95.527

- Í mati KPMG er miðað við þær aflaheimildir sem sýndar eru í töflunum hér að framan og eru heimildir í makríl undanskildar til að gera samanburðinn betri.
- Fjallað er nánar um makríl hér að aftan.

Áhrif á Dalvíkurbyggð, framhald

- Hér að neðan er hægt að sjá áhrif breytinga í afkomu útgerðar og vinnslu á fjárhæð veiðigjaldsins.

Áhrif breytinga á afkomu á veiðigjald					
Botnfiskur					
<i>Veiðigjald pr. Kg.</i>	0	20	40	60	80
Fast gjald	95.527	95.527	95.527	95.527	95.527
Sérstakt veiðigjald	0	238.817	477.633	716.450	955.266
Samtals	95.527	334.343	573.160	811.976	1.050.793
Uppsjávarfiskur					
<i>Veiðigjald pr. Kg.</i>	20	40	60	80	100
Fast gjald	0	0	0	0	0
Sérstakt veiðigjald	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0
Veiðigjöld alls	95.527	334.343	573.160	811.976	1.050.793

- Fast veiðigjald í Dalvíkurbyggð er samtals 95 m.kr.
- Í neðri töflunni má síðan sjá áhrif af mismunandi veiðigjaldi eftir því hvort eru um botnfisk eða uppsjávartegundir að ræða. Ef til að mynda veiðigjald í botnfiski er 40 kr. og 60 kr. í uppsjávarfiski, eru heildar veiðigjöld í Dalvíkurbyggð (veiðigjald + sérstakt veiðigjald) rúmar 573 millj. kr.
- Hækkun á veiðigjaldi um 10 kr. á kíló í báðum flokkum leiðir til tæplega 120 m.kr. hækkunar á veiðigjaldi.
- Skv. 11. gr. frumvarpsins renna tekjur af veiðigjöldum óskiptar í ríkissjóð.

Veiðigjöld fyrir 2010	
	kr.
Sérstakt veiðigjald botnfiskur	50
Sérstakt veiðigjald uppsjávartegundir	75
Veiðigjald+sérstakt veiðigjald botnfiskur	692.568
Veiðigjald+sérstakt veiðigjald uppsjávartegundir	0
Samtals	692.568

- Í frumvarpinu kemur fram að sérstök veiðigjöld fyrir árið 2010 hefðu verið rúmlega 50 kr. á kg. í bolfiski og rúmlega 75 kr. á kg. í uppsjávarfiski.
- Í töflunni hér fyrir neðan eru veiðiheimildir í makríl í Dalvíkurbyggð 2011 og áætlað veiðigjald af þeim. Gert er ráð fyrir 80. kr. á kílóíð í sérstakt veiðigjald.

Makrílkvóti 2011 - Veiðigjald í Dalvíkurbyggð	
Kvóti	1.229
Hlutfall af heildarkvóta	0,8%
Þorskígildi	270
Veiðigjald 8 kr.	2.162
Sérstakt veiðigjald 80 kr.	21.622
Samtals	23.784

Áhrif á Dalvíkurbyggð, framhald

- Til samanburðar er hér sýnt áætlað veiðigjald fiskveiðiársins 2011/2012 og makríls 2011 miðað við núgildandi lög og úthlutanir.

Veiðigjald 2011			
	Aflahlutdeild	Makrill 2011	Samtals
Fiskeiðiárið 2011/2012	114.172	2.557	116.729

- Er því ljóst að veiðigjöld sem útgerðir í Dalvíkurbyggð greiða kunna að margfaldast.
- Bent er á að hér er um umtalsverðan samdrátt í aflaheimildum að ræða auk þess sem álögur á sjávarútvegsfyrirtæki í sveitarfélaginu aukast umtalsvert frá því sem verið hefur. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það mun hafa á rekstur útgerða og starfsemi tengdra fyrirtækja en ætla má að þau verði margvísleg sem muni endurspeglast í tekjum sveitarfélagsins.
- Í þessu samhengi er jafnframt áhugavert að skoða hvert veiðigjald á hvern íbúa sveitarfélagsins er.

Veiðigjöld á íbúa í Dalvíkurbyggð miðað við veiðigjöld 2010	
Veiðigjald	692.568
Íbúafjöldi í Dalvíkurbyggð	1.914
Veiðigjald á hvern íbúa Dalvíkurbyggðar í þús. kr.	362

Áhrif á Dalvíkurbyggð, framhald

Hlutur sveitarfélaga

- Gert er ráð fyrir að tekjum af útleigu veiðiheimilda verði deilt milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og markaðs- og þróunarsjóðs fyrir sjávarútveginn (40%, 40%, 20%)
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig hlut sveitarfélaga verður deilt niður en hér að neðan er sett fram sú aðferð að deila mögulegum tekjum niður í samræmi við íbúafjölda.
- eru sýndar tvær útfærslur, annars vegar jafnað niður á alla íbúa landsins og hins vegar að undanskildum á íbúum höfuðborgarsvæðisins.

Tekjur af leiguvóta - Dalvíkurbyggð			
	Forsendur	Verð á kíló (kr)	
		200	300
Leigupottur	15.500	3.100.000	4.650.000
Leigupottur með aukningu	20.000	4.000.000	6.000.000
Hlutur sveitarfélaga	40%		
Leigupottur		1.240.000	1.860.000
Leigupottur með aukningu		1.600.000	2.400.000
Heildaríbúafjöldi	319.412		
Íbúafjöldi utan höfuðborgarsvæðisins	116.246		
Dalvíkurbyggð	1.914		
% af heildaríbúafjölda	0,60%		
Leigupottur		7.430	11.146
Leigupottur með aukningu		9.588	14.381
% af íbúum utan höfuðborgarsvæðisins	1,65%		
Leigupottur		20.417	30.625
Leigupottur með aukningu		26.344	39.516

- Það er mikilvægt að hafa í huga að hér er aðeins um eina nálgun að ræða og óvissa er um þá fjárhæð sem útleigan mun skila auk þess sem ekki liggur fyrir hvernig deila skal henni niður á einstök sveitarfélög. Taflan gefur hins vegar gagnlega vísbandingu um mögulegar fjárhæðir.
- Hlutur Dalvíkurbyggðar miðað við ofangreindar forsendur er frá 7 m.kr. til 40 m.kr.
- Í umræðum um frumvarpið hefur komið fram að hlut sveitarfélaga yrði ráðstafað til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Hér fyrir neðan er sýnt dæmi um slíka skiptingu.
- Gert er ráð fyrir meðalverði á kíló 250 kr., og að leigupottur með aukningu sé 20 þús. tonn.

Landshlutasamtök og íbúafjöldi innan þeirra vébanda				
Landshlutasamtök	Íbúafjöldi	Hlutfall	Með höfuðborgarsvæði	Án höfuðborgarsvæðis
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	21.300	6,7%	133.370	366.420
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	25.900	8,1%	162.173	445.553
Samband sveitarfélaga á Austurlandi	10.400	3,3%	65.120	178.909
Eyþing	29.000	9,1%	181.584	498.882
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	7.200	2,3%	45.083	123.860
Fjórðungssamband Vestfirðinga	7.060	2,2%	44.206	121.452
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	15.400	4,8%	96.427	264.923
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	203.152	63,6%	1.272.037	
Samtals	319.412		2.000.000	2.000.000



cutting through complexity™

© 2012 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative ("KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og "cutting through complexity" eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative ("KPMG International").